

Nd.

197. Nefndarálit

[46. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1961.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þar sem allmikið skortir á, að lokið sé endurskoðun þeirra reikninga, sem ríkisreikningurinn fyrir árið 1961 er byggður á, tel ég rétt að fresta afgreiðslu frv. um sinn. Á framhaldsþinginu síðar í vetur mætti taka málið til athugunar og fá þá nýjar upplýsingar um endurskoðun reikninganna.

Samkvæmt lögum ber fjármálaráðuneytinu að láta endurskoðunarskýrslu fylgja þeim reikningum, sem það endurskoðar, þegar þeir eru lagðir fyrir þá yfirskoðunarmenn, sem Alþingi kýs. Þingkjörnu yfirskoðunarmennirnir verða að byggja umsógn sína um ríkisreikningana að verulegu leyti á þeim skýrslum, sem endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins ber að láta þeim í té. Virðist því eðlilegt, að yfirskoðunarmenn fresti afgreiðslu á ríkisreikningum til Alþingis, þar til endurskoðunardeild ráðuneytisins hefur lokið sínu verki við endurskoðun þeirra reikninga, sem ríkisreikningurinn byggist á.

Að undanförunu hefur ríkið látið vinna að vegargerð frá Reykjavík til Keflavíkur, án þess að nokkur fjárveiting væri á fjárlögum til þeirrar framkvæmdar. Í árslok 1961 var búið að verja kr. 7 821 922.47 til vegargerðarinnar, en sú upphæð er ekki færð á ríkisreikninginn fyrir 1961, sem hér liggur fyrir. Eru því ríkisútgjöldin vantalin á reikningnum sem þessari upphæð nemur.

Ríkisstjórnin mun hafa tekið fé að láni til þess að greiða með kostnaðinn við nýja Keflavíkurveginn, en ekki hirt um að afla sér heimildar til þeirrar lántöku. Ekki er kunnugt um, að nokkur ágreiningur sé um nauðsyn þess að gera nýjan veg milli Reykjavíkur og Keflavíkur, og hefði því vafalaust verið auðvelt fyrir stjórnina að fá heimild Alþingis til lántöku vegna þeirrar framkvæmdar.

Upplýsingar hafa fengizt um, að í árslok 1961 hafi verið búið að taka lán til Keflavíkurvegarins sem hér segir:

Hjá Seðlabanka Íslands kr.	3 841 275.34
— Framkvæmdabanka Íslands kr.	3 700 000.00

En þessar skuldir ríkisins eru ekki færðar á ríkisreikninginn 1961.

Þegar fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1961 var til 1. umræðu á Alþingi, 24. okt. 1960, lét fjármálaráðherra þess getið, að við undirbúning frumvarpsins hefði verið reynt að færa gjöldin niður og að sú viðleitni hefði borið þann ávöxt, að 10 af 14 útgjaldagreinum fjárlaga lækkuðu frá gildandi fjárlögum. En ríkisreikningarnir fyrir árin 1960 og 1961 sýna aðra útkomu. Samanburður á þeim sýnir, að aðeins 3 útgjaldagreinar voru nokkru lægri 1961 en 1960, þ. e. 9. grein, 15. grein og 16. grein. Á 9. grein er færður alþingiskostnaður. Hann hefur orðið um 1 millj. 436 þús. kr. minni 1961 en 1960, vegna þess að þingtíminn var styttri síðara árið. Á 15. grein er færður kostnaður við kirkjumál, og varð hann um 102 þús. kr. minni 1961 en 1960. Þá er 16. greinin. Þar hefur orðið lækkun á framlögum til landbúnaðar, sem nemur rúml. 1 millj. 497 þús. kr., og lækkun á framlögum til raforkumála rúml. 4 millj. 182 þús. kr. Hins vegar varð nokkur hækkun á öðrum liðum 16. gr., og er því niðurstaðan sú, að í heild eru gjöldin á þeirri grein ríkisreikningsins 3 millj. 394 þús. kr. lægri 1961 en þau voru 1960. — Allar aðrar útgjaldagreinar á ríkisreikningi 1961 en þær 3, sem hér hafa verið nefndar, eru hærri en þær voru 1960, og

alls eru gjöldin á rekstrarreikningi ríkissjóðs 1961 um 177 millj. kr. hærri en þau voru 1960.

Ég læt hér með fylgja greinargerð frá ríkisendurskoðuninni um, hvað eftir var að endurskoða af reikningum ríkisstofnana o. fl. hinn 19. nóv. s. l.

Alþingi, 13. des. 1962.

Skúli Guðmundsson.

Fylgiskjal.

GREINARGERÐ

frá ríkisendurskoðuninni um, hvað eftir er að endurskoða af reikningum ríkisstofnana o. fl. hinn 19. nóvember 1962.

Bændaskólinn Hvanneyri 1961.
Sendiráðin að mestu leyti 1961.
Félagsdómur 1961.
Embættiskostn. sýslum. og bæjarfóg. 1960—1961 að nokkru leyti.
Embættisbústaðir sýslum. og bæjarfóg. 1961 að nokkru leyti.
Kostn. við lögreglustj.emb. Keflavíkurflugv. 1960—1961.
Fangahús og vinnuhæli 1961 að nokkru leyti.
Húsameistari 1961 að nokkru leyti.
Skattstofur, lokið nema 1 árið 1960.
Embættiskostn. landlæknis 1961.
Vegamál aðallega 1960—1961.
Brúasjóður 1961.
Veðurstofan 1961 að nokkru leyti.
Sjómannaskólahúsið 1961.
Íþróttakennaraskólinn 1961.
Barnaverndarráð 1961.
Námsstjórar 1961.
Ríkisútgáfa námsbóka 1960—1961.
Þjóðminjasafn 1961.
Biskupsembættið 1961.
Vélasjóður 1960—1961.
Fyrirhleðslur 1961.
Skógrækt 1961.
Sauðfjárveikivarnir 1961.
Fiskileitar- og veiðitilraunir 1961.
Síldarmat 1961.
Iðnaðarmálastofnun 1961.
Atvinnudeild Háskólans 1961.
Rannsóknaráð 1961.
Kjarnfræðinefnd 1961.
Menningarsjóður 1959—1961.
Starfsm.íbúðir á Keflavíkurflugv. 1961.
Sinfóníuhljómsveitin 1959—1961.
Þjóðleikhúsið aðallega 1961.

Rekningar innheimtumanna ríkissjóðs aðrir en aðflutningsgjöld:

Endurskoðun er lokið fyrir árið 1960 og eldra nema þremur embættum, en að mestu ólokið fyrir árið 1961.

Aðflutningsgjöld:

Endurskoðun er lokið fyrir árið 1961 og eldra.